

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1971

9. júní 1971.

221

Nr. 104.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi af Stórhólshverfi í Húsavíkurkaupstað.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 8. júní 1971 staðfest deiliskipulag af Stórhólshverfi í Húsavíkurkaupstað.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir, og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Húsavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

16. júní 1971.

Nr. 105.

GJALDSKRÁ

fyrir Reykjavíkurflugvöll.

1. gr.

Lendingargjöld.

Lendingargjöld skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

A. Innanlandsflug:

Fyrir landingar á flugvöllinum skal greiða kr. 22.00 fyrir hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 11.00 fyrir hvert tonn umfram 20. Minnsta gjald er kr. 36.00.

B. Millilandaflug:

Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða landingargjald sem hér segir:

kr. 307.70 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvél, sem vega allt að 14 tonnum.

— 254.90 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvél, sem vega 15 til 29 tonn.

— 224.10 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvél, sem vega 30 til 49 tonn.

— 211.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvél, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. gr.

Flugskýlisleigur.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 130.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 18.00 á fermetra á mánuði, en kr. 180.00 á fermetra á ári, ef leigt

B 29